

Nd.

511. Breytingartillaga

[144. mál]

við frv. til laga um flokkun og mat á gærum.

Frá landbúnaðarnefnd.

II. kafli (fyrirsögn og 2. gr.) orðist svo:

Um meðferð á gærum og um sölumat þeirra við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gæurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettóþyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um meðferð á gærum og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.